



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Stöðubann á Frakkastíg milli Hverfisgötu og Laugavegar.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum við vesturkant Frakkastígs, milli Hverfisgötu og Laugavegar.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Jafnframt er lagt til að þau bifreiðastæði sem nú eru í vesturkanti Frakkastígs á sama kafla, verði aflögð.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð

Um er að ræða kafla á Frakkastíg þar sem einstefnuakstur er til norðurs og ökutækjum er alla jafna lagt beggja vegna götunnar. Frakkastígur markar upphaf núverandi göngugötuhluta Laugavegar og því er allri umferð af Laugavegi beint norður Frakkastíg. Í götunni myndast oft mikil þrengsli og ítrekaðar ábendingar hafa borist frá lögreglunni og sorphirðu um vandamál sökum þeirra. Því er lagt til að stæði vestan megin í götunni verði fjarlægð og eingöngu heimilað að leggja ökutækjum við austari kant götunnar.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Fyrirhugað stöðubann, yfirlitsmynd.

Borgarvefsjá

Hverfisgata

Frakkastígur

Laugavegur

0 0,005 0,01 0,02 km

5.11.2021

Loftmynd tekið 27/7 2020